

Ár 2012, miðvikudaginn 27. júní, var af yfirfasteignamatsnefnd í máli nr. 14/2012 kveðinn upp svohljóðandi:

ÚRSKURÐUR

Með bréfi dagsettu 14. maí 2012 kærði Kristinn Brynjólfsson fyrir hönd Ártúnsbrekku ehf., kt. 550207-0440, og Miðstöðvarinnar ehf., kt. 671106-1990, gjaldskyldu félaganna vegna fasteignagjalda af fasteignum við Rafstöðvarveg 1a í Reykjavík, fnr. 229-8067 og 229-8153.

Kærandi heldur því fram að eignirnar séu ekki fokheldar og eigi því ekki að vera metnar í fasteignamati. Fram kemur að eignirnar hafi tímabundið ranglega verið skráðar til fasteignamats, sú skráning leiðrétt hjá Þjóðskrá Íslands, en Reykjavíkurborg neiti að endurgreiða fasteignagjöld. Kærandi gerir kröfu um að yfirfasteignamatsnefnd úrskurði um hvort Þjóðskrá Íslands sé heimilt eða óheimilt, með tilliti til gjaldskyldu, að leiðrétta með afturvirkum hætti ranga skráningu matsstigs og þar af leiðandi fasteignamat fasteigna sem óumdeilanlega hafi aldrei verið fokheldar og hvort gjaldskylda hvíli á eiganda ófokheldrar fasteignar til greiðslu fasteignagjalda sem lögð hafi verið á eignirnar á grundvelli rangrar skráningar byggingarstigs og þar af leiðandi ólögætrar skráningar fasteignamats.

Yfirfasteignamatsnefnd fjallar meðal annars um gjaldstofn og gjaldskyldu fasteignaskatts skv. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 4/1995. Fasteignir kæranda við Rafstöðvarveg 1a samanstanda af ákveðinni lóð og mannvirkjum á lóðinni. Í þessu máli er ljóst að lóðin ber ákveðið fasteignamat, hvert sem fasteignamat mannvirkjanna á henni skal talið vera. Lóðin er metin til fasteignamats. Eiganda ber að greiða fasteignaskatta af eign sinni nema hún sé undanþegin fasteignaskatti skv. 5. gr. laga nr. 4/1995. Ágreiningsefni í þessu máli snúast fyrst og fremst um á hvaða byggingarstigi skuli skrá þau hús sem á lóðinni eru. Það er utan valdsviðs yfirfasteignamatsnefndar að fjalla um skráningu á byggingarstigi húsa. Kærinni er því vísað frá nefndinni.

Úrskurðarorð

Kæru þessari er vísað frá yfirfasteignamatsnefnd.

Jón Haukur Hauksson

Ásta Þórarinsdóttir

Inga Hersteinsdóttir